

# Lagabreytingar TKÍ – ársþing 2016

*Allar breytingartillögur eru merktar með gulum lit*

Grein	Núgildandi lög	Tillaga að breyttum lögum	Útskýringar
1. Grein	Heiti sambandsins er Taekwondosamband Íslands, skammstafað TKÍ og er æðsti aðili um öll mál taekwondoíþróttarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí). Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.	Heiti sambandsins er Taekwondosamband Íslands, skammstafað TKÍ og er æðsti aðili um öll mál taekwondoíþróttarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí). Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík. TKÍ er aðili að World Taekwondo Federation (WTF).	<i>Til áréttingar, sérsambönd ÍSí eru almennt aðilar að heimssamböndum viðkomandi íþróttgreina</i>
2. Grein	Taekwondosamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll héraðssambönd og íþróttabandalög ÍSí, sem hafa innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í taekwondoíþróttinni, geta orðið aðilar að Taekwondosambandi Íslands.	Taekwondosamband Íslands er samband íþróttafélaga á Íslandi sem iðka, æfa og keppa í taekwondoíþróttinni og eru aðilar að ÍSí.	<i>Það er ekki lengur svo að sérsambönd tengist héraðssamböndum með þessum hætti. Þau eru milliliður og óeðlilegt að félögin séu ekki nær sérsambandinu en nú er.</i>
3. Grein	Hlutverk TKÍ er í meginatriðum eftirfarandi: a) Að vinna að stofnun nýrra deilda og efla á annan hátt taekwondoíþróttina í landinu. b) Að setja nauðsynlegar reglur um málefni taekwondoíþróttarinnar á Íslandi, löggilda dómara, vinna að heildarskipulagi móta svo sem Íslandsmóta og bikarmóta. c) Að vera fulltrúi taekwondoíþróttarinnar í alþjóðlegu samstarfi og sjá um að reglur varðandi íþróttina á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur.	Hlutverk TKÍ er í meginatriðum eftirfarandi: a) Að vinna að stofnun nýrra deilda og efla á annan hátt taekwondoíþróttina í landinu. b) Að setja nauðsynlegar reglur um málefni taekwondoíþróttarinnar á Íslandi, löggilda dómara, vinna að heildarskipulagi móta svo sem Íslandsmóta og bikarmóta. c) Að vera fulltrúi taekwondoíþróttarinnar í alþjóðlegu samstarfi og sjá um að reglur varðandi íþróttina á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur. e) Að vinna að kynningum og stuðla að gerð kennsluefnis sem nýtist öllum félögum innan sambandsins. f) Að efla jákvæða mynd Taekwondo á Íslandi.	<i>TKÍ hefur með þessu heimild til að styrkja formlega útbreiðslu íþróttarinnar og gerð samræms kennsluefnis, hvort sem er að eigin frumkvæði eða í samstarfi við aðra.</i>
6. Grein	Taekwondoþingið fer með æðsta vald í málefnum TKÍ og skal haldið árlega á tímabilinu mars til maí. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra aðila sem mynda TKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir	Taekwondoþingið fer með æðsta vald í málefnum TKÍ og skal haldið árlega á tímabilinu mars til maí.  Atkvæðisrétt á þinginu hafa þau íþróttafélög á Íslandi sem iðka, æfa	<i>Félögin sjálf fá úthlutað kjörbréfum, en ekki héraðssamböndin.</i>

	<p>tölu virkra taekwondoíðkenda, þannig að fyrir allt að 25 íðkendum koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 íðkendum og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 íðkendum þar fram yfir. Taekwondoþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn TKÍ a.m.k. þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing, skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Taekwondoþing er lögsmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.</p>	<p>og keppa í taekwondoíþróttinni og eru aðilar að ÍSí.</p> <p>Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir tölu virkra taekwondoíðkenda, 1 fulltrúi fyrir hverja 25 eða brot úr 25 íðkendum, allt að 100 íðkendum og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 íðkendum upp í 200, og 1 fyrir hverja 100 íðkendum þar fram yfir.</p> <p>Taekwondoþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en mánaðar fyrirvara.</p> <p>Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum, framkvæmdastjórum íþróttafélaga, formönnum taekwondodeilda viðkomandi félaga, skrifstofu ÍSí og birta skal fundarboðið á heimasíðu sambandsins.</p> <p>Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn TKÍ a.m.k. þremur vikum fyrir þing.</p> <p>Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing, skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum, framkvæmdastjórum íþróttafélaga, formönnum taekwondodeilda viðkomandi félaga, skrifstofu ÍSí fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Það fundarboð skal ennfremur birta á heimasíðu sambandsins.</p> <p>Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.</p> <p>Taekwondoþing er lögsmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.</p>	<p>Lágmarksfjöldi fulltrúa verður 1 en ekki 2, félag með 1 skráðan íðkanda hefur þannig möguleika á að vera með 2 kjörbréf í dag, eða um 5% atkvæðanægi, á meðan skráðir íðkendum í heildina eru um 1000.</p> <p>Fundarboð sent beint á félög, ÍSí og heimasíðu sambandsins.</p>
7. Grein	<p>Á Taekwondoþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:</p> <p>a) Stjórn TKÍ b) Heiðursformaður og heiðursfélagar</p>	<p>Á Taekwondoþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:</p> <p>a) Stjórn TKÍ b) Heiðursformaður og heiðursfélagar</p>	<p>Héraðssamband hefur málfrelsi og tillögurétt á ársþingi ásamt fastráðnum starfsmönnum (ef</p>

	<p>c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ d) Fastráðnir starfsmenn TKÍ e) Fulltrúar í fastanefndum TKÍ</p> <p>Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.</p> <p>Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar TKÍ eigi síðar en viku fyrir þing. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem hann er fulltrúi fyrir.</p> <p>Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.</p>	<p>c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ d) Fastráðnir starfsmenn TKÍ e) Fulltrúar í fastanefndum TKÍ f) Fastráðnir starfsmenn g) 1 fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur taekwondo íþróttagrein innan sinna vébanda.</p> <p>Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.</p> <p>Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar TKÍ eigi síðar en viku fyrir þing. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem hann er fulltrúi fyrir.</p> <p>Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.</p>	<p><i>einhverjir), en ekki atkvæðisrétt.</i></p>
8. Grein	<p>Dagskrá Taekwondopings skal vera eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þingsetning.</li> <li>2. Kosning 1. og 2. þingforseta.</li> <li>3. Kosning 1. og 2. þingritara.</li> <li>4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.</li> <li>5. Ávörp gesta.</li> <li>6. Álit kjörbréfanefndar.</li> <li>7. Skýrsla stjórnar lögð fram.</li> <li>8. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.</li> <li>9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.</li> <li>10. Kosning þingnefnda.</li> <li>11. Þingnefndir starfa.</li> <li>12. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.</li> <li>13. Þjónustugjald ákveðið. Þjónustugjaldið er nefskattur, sem innheimtist af félögum/deildum miðað við skráða iðendur árið á undan skv. starfsskýrslum ÍSÍ.</li> <li>14. Tillögur um breytingar á lögum TKÍ teknar til umræðu og afgreiðslu,</li> <li>15. Aðrar tillögur sem kynntar voru í</li> </ol>	<p>Dagskrá Taekwondopings skal vera eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þingsetning.</li> <li>2. Kosning 1. og 2. þingforseta.</li> <li>3. Kosning 1. og 2. þingritara.</li> <li>4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.</li> <li>5. Ávörp gesta.</li> <li>6. Álit kjörbréfanefndar.</li> <li>7. Skýrsla stjórnar lögð fram.</li> <li>8. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.</li> <li>9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.</li> <li>10. Kosning þingnefnda.</li> <li>11. Þingnefndir starfa.</li> <li>12. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.</li> <li>13. Þjónustugjald ákveðið. Þjónustugjaldið er nefskattur, sem innheimtist af félögum/deildum miðað við skráða iðkendum árið á undan skv. starfsskýrslum ÍSÍ.</li> <li>14. Tillögur um breytingar á lögum TKÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.</li> </ol>	<p><i>Breyting á kosningu skoðunarmanna, þeir eru tveir en til tveggja ára í senn svo það sé ávallt annar sem hefur reynslu af yfirferð.</i></p>

	<p>fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.</p> <p>16. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.</p> <p>17. Kosningar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein</li> <li>– 2 skoðunarmenn reikninga.</li> <li>– fastanefndir sem starfa milli taekwondoþinga.</li> <li>– fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttþing ÍSÍ fer fram.</li> </ul> <p>18. Þingslit.</p> <p>Allar kosningar skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.</p>	<p>15. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.</p> <p>16. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.</p> <p>17. Kosningar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein</li> <li>- 1 skoðunarmaður reikninga til tveggja ára í senn. Á fyrsta þingi sambandsins sem þessi lög eru í gildi, skal þó kjósa 2 skoðunarmenn reikninga, annan til eins árs og hinn til tveggja ára.</li> <li>- fastanefndir sem starfa milli taekwondoþinga.</li> <li>- fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttþing ÍSÍ fer fram.</li> </ul> <p>18. Þingslit.</p> <p>Allar kosningar skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.</p>	
10. Grein	<p>Stjórn TKÍ skal skipuð 5 mönnum. Kjósa skal hlutbundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnarmenn. Formaður skal kosinn til eins árs í senn, síðan aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn annað hvert ár þannig að eingöngu er kosið um stöðu formanns og tvö stjórnarsæti á hverju ársþingi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn TKÍ á hverju þingi.</p>	<p>Stjórn TKÍ skal skipuð 5 mönnum. Kjósa skal fyrst formann og síðan aðra stjórnarmenn. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, síðan aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn annað hvert ár þannig að eingöngu er kosið um tvö stjórnarsæti á hverju ársþingi og formann annað hvert þing.</p> <p>Stjórnin skiptir með sér verkum.</p> <p>Kjósa skal 3 menn í varastjórn TKÍ á hverju þingi til eins árs í senn. Fyrst skal kjósa 1. varamann, svo 2. varamann og að lokum 3. varamann. Röð varamanna ræður því hvenær þeir skulu kallaðir inn í stjórn vegna löglegra forfalla aðalmanna.</p> <p>Kosningar skulu vera leynilegar og skriflega, nema þegar sjálfkjörið er í embættin.</p>	<p><i>Formaður kosinn til tveggja ára í stað eins árs.</i></p> <p><i>Varamenn kosnir í forgangsröð.</i></p>
13. grein	<p>Félög/deildir með iðkendur í taekwondo skulu láta stjórn sambandsins vita um mót sem þau halda. Fulltrúa stjórnar er heimilt að vera viðstaddur öll mót í greininni.</p>	<p>Félög/deildir með iðkendur í taekwondo skulu láta stjórn sambandsins vita um mót sem þau halda og senda henni skýrslur um úrslit mótsins innan mánaðar eftir að móti lýkur.</p> <p>Fulltrúa stjórnar er heimilt að vera viðstaddur öll mót í greininni.</p>	<p><i>Upplýsa þarf sérsamband um mótahald líkt og gert er í öðrum sérsamböndum.</i></p>

16. grein	Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan taekwondoíþróttarinnar skal farið með skv. kafla 5 í lögum ÍSí, um dómstóla ÍSí.	Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan taekwondoíþróttarinnar skal farið að lögum ÍSí um dómstóla ÍSí.	<i>Einföldun á ákvæðinu svo ekki þurfi að uppfæra lög TKÍ ef kaflar í lögum ÍSí riðlast.</i>
-----------	--	---	--